

Bæjarstjórnarfundur

Kæri bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir, ég heiti Davíð Logi Heiðarsson og ætla að ræða um mikilvægi þess að börn fái að segja sína skoðun og aðstoða við að byggja upp gott samfélag. Hvað við getum gert til að auka þátttöku barna í samfélaginu og af hverju það er mikilvægt að börn fái að hafa skoðun.

Ég sat á barnþingi með miðstigi og unglunga stigi þar sem börn fengu að segja sína skoðun á því hvernig þau vilja hafa Akranes. Þar komu margar flottar hugmyndir fram um leiðir til að gera samfélagið okkar enn betra. Hugmyndir sem hægt væri að vinna með áfram.

Ég er í Brekkubæjarskóla og þar hefur verið verkefni sem heitir „Draumaskólinn minn“, þar sem nemendur í 5 bekk búa til sinn draumaskóla og koma með ýmsar hugmyndir að bættum skóla. Þar hafa komið margar góðar hugmyndir sem unnið hefur verið meira með og þær orðið að veruleika. Hugmyndirnar barnanna eru í lang flestum tilvikum eitthvað sem hægt væri að framkvæma og sýna líka hvað það er sem börn sækjast eftir til þess að líða vel í skólanum sínum.

Hugmyndir sem búið er að vinna með eru t.d. það að hver árgangur fær að velja hvað er í matinn í mötuneytinu einn dag í mánuði. Vinna með hugmyndir að bættri skólalóð og hafa þau verið með í að hanna breytingar á lóðinni. Einnig hafa þau komið með hugmyndir um tómtundir sem þau vilja hafa aðgang að.

Krakkarnir í unglingadeildinni hafa verið að vinna að því að hafa frímínútna skemmtanir þar sem reynt er að ýta undir þátttöku allra nemenda.

Af hverju eiga börn að fá að hafa eitthvað um þetta að segja, jú vegna þess að það eru þau sem eru í skólanum, nýta sér skólalóðina og það eru þau að mestu leyti sem eru að nýta þær tómstundir sem eru í boði. Til þess að börnum líði vel í skólanum sínum þá þurfa þau að fá að segja sínar skoðanir og einnig um frístundir sínar til þess að þau sækist í þær. Það er nefnilega mikilvægt að börn séu í skipulögðum frístundum, því það hefur verið sýnt fram á að börn sem stunda skipulagt frístundarstarf eru ólíklegri til að leiðast út í áfengis- eða vímuefnaneyslu

Börn hafa mörg hver sterkar skoðanir á því hvernig hlutirnir eiga að vera og tel ég mikilvægt að hlustað sé á okkur þar sem það mun einnig efla okkur ef við heyrum að það sé hlustað á okkur og að við fáum og megum hafa skoðanir. Við sjáum hlutina oft öðruvísi en fullorðna fólkið og það getur verið kostur. Ég hef trú á að samfélag sem hlustar á börn ali upp sterkari einstaklinga og verði þar af leiðandi sterkara samfélag.

Ég tel að það eigi að ýta enn meira undir það að börn fái að hafa rödd og segja sínar skoðanir á málefnum bæjarins. Það væri hægt að gera með því að hafa fleiri barnaþing eða að bæjarfulltrúar kæmu t.d. í skólana reglulega og leyfðu börnum að koma sínum skoðunum á framfæri.